



FRÉTTABRÉF UMSE

1. töl. 25. árgangur 2010



Pistill Formanns UMSE

Kæru félagar,

Árið 2009 var nokkuð annasamt hjá UMSE og spilaði 100 ára afmælis landsmót UMFÍ þar stærsta hlutverkið. Framkvæmd mótsins tókst einstaklega vel og er það fyrst og fremst að þakka góðu skipulagi og gríðarlegu vinnuframlagi hinna fjölmörgu sjálfboðaliða sem lögðu hendur á plóg til að gera mótið eins skemmtilegt og raunin varð. Verður þessum aðilum seint fullþakkað þeirra framlag. En þrátt fyrir gott skipulag og mikinn fjölda sjálfboðaliða verður viðburður af þessari stærðargráðu ekki að veruleika án stuðnings fjársterkra aðila og var það einnig svo að þessu sinni. Samstarfsaðilar mótsins í sumar voru; KEA, Alcoa Fjarðaál, Saga Capital, Icelandair Group og Landsbankinn. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka samstarfsaðilunum stuðning þeirra og sömuleiðis óska þeim til hamingju með átt þátt í að halda eins stórkostlega hátíð og raunin varð.

Í ljósi þess hve vel tókst til með landsmótið síðastliðið sumar óskuðu forsvarsmenn frjálsíþróttasambands Íslands eftir því að UMSE og UFA tækju að sér að halda Norðurlandamót 19 ára og yngri í frjálsum íþróttum í ágúst á næsta ári og mun það væntanlega verða næsti stórviðburður í starfi UMSE.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka félögum okkar í UFA fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu sem leið og óska þeim farsældar á komandi árum og vænti ég þess að við eigum eftir að eiga gott samstarf á næstu árum.

Íslandi allt.

Sigurður Hólmar Kristjánsson

Árþing UMSE

89. Árþing UMSE verður haldið í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit, laugardaginn 20. mars næstkomandi. Aðildarfélög UMSE eru hvött til að nýta rétt sinn til setu á þinginu. Á þinginu verða veittar viðurkenningar til íþróttamanna UMSE og kjörinn íþróttamaður UMSE ársins 2009.

Pistill framkvæmdastjóra

Ágætu Eyfirðingar,

Nú er viðburðaríku starfsári lokið hjá UMSE. Árinu 2009 verður líklega minnst sem ári hinna stóru sigra. Við sýndum það og sönnuðum að hægt er að halda Landsmót í stóru byggðarlagi, með góðum árangri, ef ungmennafélagsandinn er hafður að leiðarljósi. Við urðum bikarmeistarar 16 ára og yngri ásamt liði UFA í frjálsum íþróttum, bæði inni og úti, og eignuðumst fjölmarga Íslands- og landsmótsmeistara í hinum ýmsu íþróttagreinum. Starfið innan aðildarfélaganna blómstrar og íþróttagreinir sem ekki hefur verið lagt stund á innan UMSE áður, a.m.k. ekki um langt skeið, eru nú stundaðar af krafti. Það er þó ljóst að á viðburðaríkum tímum er ekki hægt að koma öllu í verk og mörg verkefni hafa þurft að færast aftur í framkvæmdaröðina. Þeim verkefnum munum við þó sinna þegar færi gefst.

Það ætti öllum að vera ljóst að breyttar aðstæður eru í samfélagi okkar og hafa þær breytingar lagst yfir hraðar en flestir gátu búist við. Það er mín skoðun að til þess að bregðast við þessum breyttu aðstæðum og byggja upp framtíðina, verðum við fyrst að líta til baka. Með þessum orðum á ég ekki við að skoða það sem olli þessum breytingum, heldur enn lengra. Við verðum að horfa til þeirra tíma þegar uppbygging ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar var sem hröðust. Ég tel að nú sé aftur tími kominn til virkja ungmennafélagsandann. Þennan anda sem hefur verið samofinn sögu þjóðarinnar. Hreyfingin hefur byggst upp í krafti sjálfboðaliða. Tilfinning mín á undanförunum árum hefur verið að hlutverk þeirra hafi breyst og þeim sem tilbúnir eru að leggja hönd á plóg í þágu hreyfingarinnar hafi fækkað. Sá hraði sem einkennt hefur samfélagið hefur þar sjálfsagt mikið að segja. Tími sjálfboðaliðans er runninn upp að nýju. Sem betur fer sýnir tölfræðin að þrengri aðstæður í fjármálum heimilanna hafa lítinn sem engin áhrif íþróttaiðkun barna- og unglinga. En við verðum að vera á varðbergi þrátt fyrir það. Hér getur sjálfboðaliðinn skipt sköpum. Þá er ekki átt við nú þurfi allir að stökkva á stað og setjast í stjórnir og nefndir eða skipuleggja starf félaganna. Það geta allir lagt sitt að mörkum með sínum hætti. Foreldri sem fylgir börnum sínum til keppni, er tilbúinn að hvetja og vera til staðar þegar á þarf, smyrja samlokur og bera vatnsbrúsa, eða jafnvel lítur við á æfingu og fylgist með virkum hætti með, er í mínum augum að leggja sitt af mörkum til þess að skapa nýja framtíð. Með þessu leggjum við grunn að andlegri vellíðan og félagslegum þroska þeirra sem erfa skulu landið.

Ég vil þakka samstarfið á nýliðnu ári, um leið og ég horfi björtum augum til ársins 2010.

*Þorsteinn Marinósson
Framkvæmdastjóri UMSE*

Frjálssar íþróttir

Árið 2009 var frábært hjá iðkendum UMSE í frjálsum íþróttum. Á meistaramótum Íslands (MÍ) í upphafi árs stóðum við okkur vel og höfum aldrei komist svo ofarlega í heildarstigakeppni mótanna. 11-14 ára hópurinn náði 2. sæti á MÍ 11-14 ára í Reykjavík og var það frábær árangur. Í þessum aldursflokki eigum við efnilegasta fólk landsins á því er engin vafi. 11-14 ára hópurinn bætti svo um betur á MÍ 11-14 ára utanhúss og varð Íslandsmeistari félagsliða ásamt fjölda einstaklingsverðlauna. Þar sýndi þessi hópur styrk sinn og getu sem var árangur mikilla æfinga og góðrar ástundunar.

Unglingarnir sýndu miklar framfarir á árinu og unnu til fjölda verðlauna á árinu og komu sér í fremstu röð unglinga á Norðurlöndum. Sem dæmi má nefna að Egill Ívarsson náði 6. besta tíma á Norðurlöndum í 60m grind í sínum aldursflokki á innanhússtímabilinu.

Iðkendur UMSE náðu fínnum árangri á meistaramótum fullorðinna á árinu og komust í úrslit eða unnu til verðlauna í keppni á meðal þeirra bestu hér á landi. Þar má nefna sem dæmi silfurverðlaun Sveinborgar Kötlu Daníelsdóttur í stangarstökki á MÍ fullorðinna.

Nokkur Íslandsmet féllu á árinu í yngri flokkunum og þá aðallega í sleggjukasti sem er ný grein hjá okkur. Þrjár stelpur margbættu Íslandsmetin í sínum aldursflokkum. Sigurbjörg Áróra Ásgeirsdóttir Ólafsfirði margbætti Íslandsmetin í flokki 12 ára og yngri bæði með 2 kg og 3 kg sleggju, Eir Starradóttir Svalbarðsströnd margbætti Íslandsmetin í flokki 13-14 ára með 3 kg og 4 kg sleggjum. Síðan bætti Stefanía Aradóttir Dalvík metið í 13-14 ára flokki með 4 kg sleggjunni.

Frjálssíþróttahópur UMSE hefur sett sér háleit markmið fyrir árið 2010 og ætlum við að halda ótraud áfram veginn.

Með kveðju,

Ari H Jósavinson Frjálssíþróttabjálafari

Þakkir til styrktaraðila á árinu 2009

Ungmennasamband Eyjafjarðar færir öllum þeim sem styrktu okkur á árinu 2009 bestu þakkir, með von um frekara samstarf. Eftirtaldir aðilar styrktu starf UMSE:

Bústólpi
Arnarneshreppur
Eyjafjarðarsveit
Dalvíkurbyggð

Hörgárbyggð
Svalbarðsstrandarhreppur
Búnaðasamband Eyjafjarðar

Sérstakar þakkir vegna stuðnings á Landsmóti UMFÍ á Akureyri fá:

KEA
Alcoa Fjarðaál
Saga Capital

Icelandair Group
Landsbankinn

Nýi félagsgallinn

Eins og glöggir Eyfirðingar eflaust hafa tekið eftir lét UMSE hanna fyrir sig nýjan félagsgalla á nýliðnu ári. Nýjung hvað varðar gallann er að ásamt því að vera merktur með merki UMSE, geta nú félagar einnig merkt gallann sinn með merki þess aðildarfélag sem þeir tilheyra. Upphaf þess kom úr röðum aðstandenda eins aðildarfélag til þess að skapa hagræðingu og með þessu mætti auka á að keppendur UMSE væri samlitir þegar keppt er undir merkjum UMSE, t.d. á Landsmótum og Unglingalandsmótum. Þetta hefur gefið góða raun og gallinn lítur ákaflega vel út sem liðsgalli. Áfram verður hægt að panta gallann, annaðhvort í gegnum skrifstofu UMSE eða hjá tengiliðum innan félaganna. Gallinn er svo seldur á kostnaðar verði. Nánari upplýsingar fást hjá framkvæmdastjóra UMSE.



Útgefandi: Ungmennasamband Eyjafjarðar,
Óseyri 2, 603 Akureyri.
Veffang: www.umse.is
Tölvupóstur: umse@bugardur.is
Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson